

Viðmið fyrir greinaskrif á Áttavitanum

Í öllum greinaskrifum Áttavítans eru þrjú atriði höfð að leiðarljósi:

- Skýrt og auðlæsilegt mál.
- Hnitmiðaðar og greinargóðar upplýsingar.
- Einföld og formföst uppsetning.

Taktu fram hver titill greinarinnar er efst í skjalinu. Gott er að notast við Heading 1 (Fyrirsögn 1) Varðandi uppsetningu á greininni sjálfri þá notum við headings (fyrirsagnir) til þess að gera lesendum grein fyrir því hvernig innihald greinarinnar raðast upp: Heading 2 > Heading 3 > Heading 4, osfrv.

Þannig að ef Heading 2 fyrirsögn væri „Íþróttir“ og fylgjandi texti fjallar um íþróttir þá gæti Heading 3 í framhaldinu verið „Knattleikir“ – þar undir væri fjallað um ólíka knattleiki. Heading 4 gæti verið „Fótbolti“ og þar undir fjallað um fótbolta sérstaklega.

*Athugið að ef innan sömu greinar væri líka fjallað um tólmstundir þá værum við aftur að nota Heading 2.

Bold er notað þegar við viljum vekja sérstaka athygli á einhverju í textanum og *Italian* ef það á við. Þegar við erum í upptalningum þá notum við bulleted list og numbered list, gott að temja sér það frá upphafi.

Ef þú vilt nota link í greininni þá getur þú sett hann í sviga aftan við orðið sem þú vilt að linkurinn verði fastur við.

Dæmi: Nánari upplýsingar er að finna á vef blóðbankans (link:

<http://www.blodbankinn.is/>) en opið er frá kl 09:00 alla virka daga.

Við setjum svo linkinn inn fyrir þig seinna ;)

Birtar greinar þurfa að vera að lágmarki 400 orð, nema um annað sé samið.

Endilega sendu okkur greinina í Word skjali og mundu að taka fram heimildir neðst í skjalinu.

Gangi þér vel!